



**Hugvekja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
páskadag
31. mars 2024**

Dómkirkjan í Reykjavík

Kæru landsmenn nær og fjær.

Mér þykir vænt um að taka til máls hér í Dómkirkjunni í Reykjavík. Ég óska ykkur öllum gleðilegra páska. Nú undir lok minnar forsetatíðar nota ég einnig tækifærið og þakka biskupi Íslands og öllum kirkjunnar þjónum ljúfa viðkyrningu og samstarf á liðnum árum. Megi ykkur öllum farnast vel á mikilvægum vettvangi.

Hátíð á þessum árstíma er ævafor siður á norðurhveli jarðar, fögnuður yfir hækkandi sól, fullvissa um bjartari daga fram undan. Í árdaga byggðist sú víska að sjálfsögðu ekki á þeirri þekkingu sem mannkyn hefur síðan aflað sér um raunheiminn og gang himintunglanna. En sólin kom samt alltaf upp.

Um leið eiga páskar að vera snar þáttur í tilveru kristinna manna, stund upprisu og vonar, staðfesta trúar á eilíft líf og almáttugan guð.

Von og trú, von og vísindi, vísindi og trú. Nú um hríð hafa hamfarir dunið yfir á Reykjanesskaga. Fyrst skóku skjálftar hina blómlegu byggð í Grindavík, síðan hafa eldgos blossað upp þar í grennd og ekki sér fyrir endann á þessum hremmingum.

Hvað veldur? Jarðfræðingar, eldfjallafræðingar og aðrir spekingar útskýra hvernig kvika safnast í hólfi og brýst svo upp á yfirborð jarðar með brauki og bramli. Út frá annálum og náttúrunni sjálfri vitum við líka um Reykjaneselda sem geisðu fyrir um átta hundruð árum.

Enn fyrr lærðu þau, sem settust að á þessu eylandi, að náttúruöflin gátu sýnt mátt sinn og megin á aðra vegu en þekktist á fyrri heimaslóðum. Nú eru liðin meira en þúsund ár síðan engu munaði að ófriður milli heiðinna manna og kristinna brytist út á Alþingi. Sögur segja að í miðjum klíðum hafi maður komið hlaupandi með þau tíðindi að hraun rynni að bæ Þórodds goða í Ölfusi. Sá hafði tekið kristni og því töldu hinir heiðnu að nú kæmi vel á vandan. Hver í kapp við annan sögðu þeir víst: „Eigi er undur í, að goðin reiðist tölum slíkum.“

Nú skal því ekki haldið fram að á þessum tíma hafi kristinn siður og raunspeki átt skýra samleið en annar kristinn goði, Snorri Þorgrímsson, hafði þó svör á reiðum höndum: „Um hvað reiddust goðin þá, er hér hrann hraunið er nú stöndum vér á?“

Því hefur Snorri goði jafnvel verið kallaður fyrsti jarðfræðingurinn. Hann vissi sínu viti, dró rökréttar ályktanir, trúði ekki á hindurviti. En svo liðu aldir, áfram urðu eldsumbrot og þau ægilegustu sumarið 1783. Skaftáreldar geisdu þá, eitt mesta hraungos í heimi hér á sögulegum tíma.

Þær eru víst mismerkilegar ræðurnar sem fluttar eru úr predikunarstól. Ein sú allra minnisstæðasta er frá þeim dæmalausum dögum. Haldið með mér austur að Kirkjubæjarklaustri, sunnudaginn 20. júlí 1783. Í kirkjunni eru sóknarbörn. Þau hljóta að vera ótta slegin og þar messar séra Jón Steingrímsson, sá sem við köllum síðar eldklerk. Voði vofir yfir. Hraunelfur æðir að fólkinu, eftir farvegi Skaftár. Síðar lýsti Jón því sem gerðist og verður það ekki orðað betur þannig að ég vitna beint í endurminningar hans:

Þá tók eldurinn að færa sig fram eftir árfarveginn að ei sá annað fyrir en hann ætlaði kirkjuna og svo að eyðileggja. En þar hann var á fullri framrás í afhallandi farveg, stefndi á klaustrið og kirkjuna, sérdeilislega einn sunnudag, þann fjórða eftir trinitatis, embættaði eg í kirkjunni sem öll var í hristingu og skjálfta af ógnum þeim er að ofan komu. En svo var eg óskelfdur, og eg ætla allir þeir er í kirkjunni voru, að vér vorum ljúfir og reiðubúnir að taka á móti því sem guð vildi. Var þá guð heitt og í alvöru ákallaður enda hagaði hans ráð því svo til að eldurinn komst ei þverfótar lengra en hann var fyrir embættið heldur hrúgaðist hvað ofan á annað í einum bunka. Þar með komu ofan á hann öll byggðarvötn eður ár sem kæfðu hann í mestu ákefð. Einum guði sé æra!

Já, einum guði sé æra, sagði prestur. Samhliða lýsti hann því þó hvernig landslag hafði áhrif á að svo fór sem fór. Í nýlegri meistaraprófsritgerð sinni um Jón Steingrímsson leggur Erna Guðrún Árnadóttir áherslu á þann þátt, skrifar um jarðfræðinginn og trúmanninn Jón og segir að hann hefði getað orðið fyrirtaks náttúrufræðingur hefði hann haldið til frekara náms.

Rúmum tveimur áratugum eftir Móðuharðindin kom Jónas Hallgrímsson í heiminn, eitt fremsta skáld okkar Íslendinga, ef ekki það fremsta. En hann var sömuleiðis frábær náttúrufræðingur – og um leið prestssonur sem efaðist ekki um hönd guðs í sköpunarverkinu. Vel sést það í kvæði hans um fjallið Skjaldbreið. Þar segir meðal annars:

Hver vann hér svo að með orku?
Aldrei neinn svo vígi hlóð!
Búinn er úr bálaskorku
bergkastali frjálsri þjóð.
Drottins hönd þeim vörnum veldur;
vittu barn! sú hönd er sterk;
gat ei nema Guð og eldur
gjört svo dýrðlegt furðuverk.

Já, guð og eldur unnu saman, kvað listaskáldið góða. Í óbundnu máli hafði vísindamaðurinn hins vegar yfirhöndina. Jónas vann lengi að lýsingu á náttúru Íslands og lá leið hans þá meðal annars að Reykjahlíð í Mývatnssveit. Þar fór hann um hraunið sem rann á þeim slóðum snemma á átjándu öld. Það æddi yfir bæi og útihús en ekki þó kirkjuna – rétt eins og á Klaustri þegar Jón Steingrímsson flutti sína eldmessu. Og því skrifaði Jónas þessi orð hjá sér:

Allt horfir þetta við sem hrein jarteikn í augum þess sem athugar ekki aðstæður af hlutlægni og íhygli. Ég vil ekki á neinn hátt svipta blessaða Mývetningana þeirri fögru trú að guð hafi á hættustund haldið sinni verndarhendi yfir kirkju þeirra sem er þeim kær; ég vil einungis gjöra þeim skiljanlegt að þar voru engin yfirnáttúruleg öfl að verki, heldur margs konar náttúruleg skilyrði sem öll urðu að fara saman svo að þetta merkilega fyrirbæri gæti orðið.

„Engin yfirnáttúruleg öfl,“ sagði Jónas Hallgrímsson. Um hans tíð og lengi vel varð þó ekki við neitt ráðið þegar hinn mikli máttur í iðrum jarðar leystist úr læðingi, einatt öllum að óvörum. Mannfólkið var magnvana.

Nú er öldin önnur. Nú vitum við með fyrirvara, að vísu mismiklum, hvenær og hvar megi búast við eldgosum hér á landi. Sömuleiðis erum við betur í stakk búin að bregðast við þegar slíkt reiðarslag verður. Það sáum við á Heimaey fyrir rúmlega hálfri öld. Að kvöldi 23. janúar 1973, þegar tekist hafði að bjarga öllum íbúum Vestmannaeyja á brott eftir jarðeldinn þar, mælti Sigurbjörn Einarsson biskup til þjóðar sinnar, lofaði mildi guðs og þá lukku að enginn mannskaði varð þá um gosnóttina. „Og allir hafa bjargast,“ sagði biskup og hélt svo áfram: „Þar hjálpaðist margt að, stöðvar gossins, veður og aðrar aðstæður, einstök viðbrögð og gifta þeirra manna sem stýrðu þessu risavaxna björgunarstarfi eða lögðu því lið, og stilling og æðruleysi þess mannfjölda sem koma þurfti undan hættunni.“

Góðir áheyrendur: Margar minningar frá gosinu í Eyjum munu lifa svo lengi sem land byggist. Þeirra á meðal er ljósmynd af sáluhliðinu við kirkjugarð byggðarlagsins, eldtungur nærri, þykk aska og svört allt um kring. En samt var ljós og samt var von. „Ég lifi og þér munuð lifa,“ stóð á hliðinu og stendur enn.

Nú bíðum við Íslendingar og vonum að senn ljúki jarðhræringum við Grindavík, í það minnsta um stundarsakir. Við vitum um leið að þótt við hemjum ekki náttúruöflin með öllu getum við dregið úr eyðileggingarmætti þeirra. Úti í Eyjum kom hraunkæling að góðum notum. Í Grindavík og nágrenni höfum við lagt varnargarða og munum bæta við þau mannvirki eftir þörfum.

Já, þegar á reynir getur þessi þjóð sýnt hvað í henni býr. Þau eru mörg sem eiga núna þakkir okkar skildar, einvalalið sem hefur unnið dag sem nótt á gosstöðvunum, reist varnarmúra, lagt vegi yfir nýrunnið hraun, lagað vatnsleiðslur og þannig mætti áfram telja.

Við gefumst ekki upp og þess vegna verður áfram blómleg byggð í þessu landi. Áfram munu fara saman von og trú, von og vísindi, vísindi og trú. Áfram skulum við styðja og styrkja öflugt samfélag þar sem hvert og eitt okkar má rækta eigin sál og hug, í góðri sátt við guð og menn.

Ég ítreka óskir mínar til ykkar allra um gleðilega páska, farsæld og frið.